

Þriðjudaginn 24.október 1989.

Nr. 128/1988. **Þingflokkur Borgaraflokksins**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Fjárlög. Þingflokkur. Stjórnarskrá.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson og Sigurður Línal prófessor, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.986.660,00 krónur með eftirgreindum dráttarvöxtum, af 2.986,660,00 krónum 30% á ári frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% á ári frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% á ári frá þeim degi til 27. júlí s.á., af 1.986.660,00 krónum 36% á ári frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% á ári frá þeim degi til 1. september s.á., 42% á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags 21. september s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1.maí 1988, og myndi þannig nýjan höfuðstól, sem dráttarvextir reiknist af, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987. Enn fremur verði sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti auk 12% sölugjalds, sbr. lög nr. 1/1988. Beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. og 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir og málsástæður koma fram í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi telur sig eiga lögvarða kröfu til ákveðins hluta af tveimur liðum fjárlaga ársins 1987. Liðir þessir eru orðaðir svo: „Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar“ og „Til út-

gáfumála skv. ákvörðun þingflokka“. Ákvæði þessi verða ekki samkvæmt orðalagi sínu þannig skýrð, að þingflokkur eigi beina lögvarða kröfu til hluta þess fjár, sem þar er veitt til blaða og útgáfumála.

Orðalag á fjárlagaliðum þessum er óbreytt frá því, sem verið hefur liðin ár, og fjárveitingavaldinu var ljóst, hvernig ákvæðin höfðu verið túlkuð. Ljóst var, að þingkosningar yrðu á árinu 1987, en samt var ekki talin ástæða til að breyta orðalagi ákvæðanna. Af þessu verður ekki annað ráðið en fjárveitingavaldið hafi viljað halda óbreyttri tilhögun, þ.e., að greiðslurnar yrðu inntar af hendi að fullu fyrri hluta árs til þeirra þingflokka, sem þá störfuðu, og í samræmi við tillögur þeirrar stjórnskipuðu nefndar, sem fjárlögin gera ráð fyrir, að sjái um tillögugerð samkvæmt fyrri ákvæðinu, en þingflokkarnir hafa einnig falið nefndinni að gera tillögur að úthlutun samkvæmt síðara ákvæðinu. Greiðslur stefnda í febrúar 1987 til þáverandi þingflokka brutu því ekki í bága við 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944. Þrátt fyrir orðalag greiðsluseðils, að fjárhæð 1.000.000,00 krónur, sem greidd var 17. júlí 1987, mátti áfrýjandi ekki ætla, að viðurkennt væri réttmæti kröfu hans, eins og til þessarar greiðslu var stofnað. Þá fékk áfrýjandi, sem aðrir þáverandi þingflokkar, úthlutun af sams konar fjárlagaliðum árið 1988, sem greidd var í febrúar það ár. Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir áfrýjandi ekki heldur hafa sýnt fram á, að hann geti reist kröfu sína á öðru en beinum ákvæðum fjárlaga.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., höfðaði Jón Oddsson hrl., Ásbúð 102, Garðakaupstað, f.h. þingflokks Borgaraflokksins, Alþingi, Kirkjuhvoli við Kirkjutorg, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með

stefnu, birtri 21. sept. sl., gegn Jóni Baldvin Hannibalssyni fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 1.986.660,00 kr., auk dráttarvaxta af 2.986.660,00 kr., 30% á ári frá og með 1. maí 1987 til 1. júní 1987, 33,6% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 27. júlí 1987 og af 1.986.660,00 kr. 36% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% dráttarvexti á ári frá þeim degi til 1. september 1987, 42% dráttarvexti á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól, er dráttarvextir séu reiknaðir af 1. maí ár hvert, í fyrsta sinn 1. maí 1988, í samræmi við 12. gr. 1. nr. 25/1987. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda auk söluskatts, sbr. brbl. nr. 68/1987 og l. nr. 1/1988, að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Leitað hefur verið um sættir í málinu án árangurs.

#### *Málavextir.*

Samkvæmt fjárlagaliðum nr. 09-999-118 og 09-999-170 í fjárlögum fyrir árið 1987, l. nr. 95/1986, voru samtals 33.600.000,00 kr. ákvarðaðar til greiðslu til þingflokka. Samkvæmt fjárlagalið nr. 09-999-118 voru 21.840.000,00 kr. ætlaðar til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar, og skv. fjárlagalið nr. 09-999-170 voru 11.760.000,00 kr. ætlaðar til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka. Frá því að þess konar fjárveitingar hófust til íslenskra stjórn mála flokka, er höfðu kjörna fulltrúa á Alþingi, hefur sú verklagsregla verið viðhöfð, að sérstök nefnd hefur gert um það tillögur til fjármálaráðherra, hvernig skipting fari fram milli þingflokka á því fjármagni, sem Alþingi hefur samþykkt til slíkra verkefna á fjárlögum ár hvert.

Fyrir árið 1987 gerði nefnd þessi þá tillögu til þáverandi fjármálaráðherra, Þorsteins Pálssonar, að 40% af samanlögðum fyrrgreindum fjárveitingum skyldu skiptast jafnt milli þingflokka án tillits til þingstyrks hvers flokks, en 60% eftir styrk flokkanna á Alþingi, þ.e. af þingmannatölu. Hinn 24. febrúar 1987 var fjárhæðin greidd þáverandi þingflokkum í samræmi við tillögur nefndarinnar, en hún hefur verið kölluð blaðanefnd. Allir þáverandi þingflokkar áttu fulltrúa í nefndinni, og tillaga nefndarinnar var afgreidd í nefndinni samhljóða.

Við alþingiskosningarnar, sem fram fóru 25. apríl 1987, urðu töluverðar breytingar á þingmannatölu stjórnmalaflokkanna, og m.a. fékk nýr flokkur, Borgaraflokkurinn, sjö þingmenn kjörna.

Stefnandi telur áðurgreinda skiptingu fjárveitinga skv. fjárlagaliðum 09-999-118 og 09-999-170 hafa verið gerða á röngum forsendum, þar sem vitað var um alþingiskosningar fyrir mitt ár 1987, og óskaði stefnandi eftir því við þáverandi fjármálaráðherra 30. júní 1987, að hlutur Borgaraflokksins af ofangreindri fjárveitingu yrði greiddur út. Gerð var krafa um 2.986.660,00 krónur.

Hinn 27. júlí 1987 var stefnanda greidd 1.000.000,00 króna. Aðilar eru ekki sammála um það sem hvað þessi 1.000.000,00 króna hafi verið greidd.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Um rökstuðning fyrir kröfum stefnanda er m.a. vísað til fjárveitinga nr. 09-999-118 og 09-999-170 í fjárlögum fyrir árið 1987, sbr. l. nr. 95/1986. Jafnframt er vísað til l. nr. 25/1987 og brbl. nr. 68/1987.

Umræddar fjárveitingar ná til allra þingflokka sem starfa árið 1987. Því hafi þáverandi fjármálaráðherra ekki verið rétt að ráðstafa í upphafi árs allri fjárveitingunni til þeirra þingflokka, sem þá hafi átt fulltrúa á Alþingi, þar sem fyrir hafi legið, að alþingiskosningar færu fram fyrri hluta ársins. Ofangreind ráðstöfun fjármagns geti ekki á nokkurn hátt skert rétt stefnanda til sinnar hlutdeildar í umræddri fjárveitingu, sem hafi átt að koma til greiðslu við formlega stofnun þingflokks Borgaraflokksins 1. maí 1987.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að við útreikninga á dómkröfum sé gætt sömu sjónarmiða og hafi legið til grundvallar ákvörðun um greiðslu á umræddri fjárveitingu. Fjárhæðin sé þannig útreiknuð, að 40% fjárveitingarinnar skiptist jafnt milli þingflokka, sem voru sex að tölu eftir 25. apríl 1987, og 60% miðist við styrk eða þingmannafjölda. Í þingflokki Borgaraflokksins séu sjö alþingismenn af 63, sem sitji á þingi. Þingflokkur Borgaraflokksins hafi verið formlega viðurkenndur 1. maí 1987, og nái umræddur útreikningur til  $\frac{2}{3}$  hluta ársins 1987, þ.e. frá 1. maí 1987 til ársloka 1987 eða átta mánaða. Þannig nemi fjárveiting sú, sem stefnandi telur sig hafa átt rétt til þegar hinn 1. maí 1987, 2.986.660,00 krónum af heildarfjárveitingunni. Eftir samþykkt og gildistöku fjárlaga hafi stofnast beinn kröfuréttur stefnanda á hendur stefnda við formlega stofnun þingflokks Borgaraflokksins.

Með innborgun 27. júlí 1987 á kröfu stefnanda hafi stefndi viðurkennt réttmæti kröfu stefnanda, og séu því eftirstöðvar kröfunnar í vanskilum.

Tilgangur umræddra fjárveitinga sé að styrkja m.a. útgáfumál stjórnmalaflokka í anda lýðræðislegs þjóðskipulags og grundvallarreglna íslensks stjórnskipunarréttar um jafnrétti fyrir lögum. Ákvörðun um

úthlutun umræddrar fjárveitingar í ársbyrjun mismuni þannig þeim þingflokki, sem starfi á árinu 1987, og skerði rétt stefnanda gagnstætt yfirlýstum tilgangi umræddra fjárveitinga og grundvallarreglum stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar. Með því að greiða umrædda fjárveitingu út til þáverandi þingflokka í ársbyrjun 1987, vitandi um komandi alþingiskosningar, hafi þáverandi fjármálaráðherra farið út fyrir umboð sitt og sé ber að embættislegum mistökum. Fjárveitingin hafi náð án skilyrða til allra starfandi þingflokka fyrir árið 1987. Fjármálaráðherra hafi því einvörðungu mátt haga fjárveitingu sinni til þingflokka í ársbyrjun til alþingiskosninga í apríl 1987 fyrir þann hluta ársins. Fjármálaráðherra hafi hvorki haft stjórnskipulega né stjórnarfarslega heimild til að svipta þingflokka lögbundinni fjárveitingu fyrir tímabilið frá apríl til ársloka 1987.

Umrædd ráðstöfun fjármálaráðherra í ársbyrjun 1987 sé stjórnvaldsathöfn andstæð 72. gr. stjórnarskrár svo og 41. gr. stjórnarskrár, þar sem ráðherra fari út fyrir umboð sitt með hinni ólögmetu stjórnarathöfn. Einnig er vísað til 78. gr. stjórnarskrár, sem leggi fortakslaust bann við sérréttindum. Þá er og vísað til anda og tilgangs umræddrar fjárveitingar og reglna á sviði fjármunaréttar, einkum kröfuréttar, varðandi lögskipti aðila og það réttarástand, er skapast við afgreiðslu fjárlaga, þar sem lögleidd er fjárveiting til tiltekinna aðila, sem bindur athafnir framkvæmdavalds að efni og formi.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í júlí 1987 hafi fjármálaráðherra fallist á í viðtali við formann Borgaraflokksins að greiða sem skammtímalán eina milljón króna upp í væntanlega fjárveitingu næsta árs, sem skyldi koma til endurgreiðslu, þegar eða ef styrkveiting til útgáfumála á vegum stjórnmalaflokkanna yrði veitt í fjárlögum 1988. Í greiðslunni hafi því ekki falist viðurkenning á, að þingflokkur Borgaraflokksins ætti rétt til styrks af fjárveitingum ársins 1987.

Allt frá fjárlögum fyrir árið 1968 hafi verið veittur sérstakur styrkur á fjárlögum til dagblaðanna og síðar einnig til annarra útgáfumála á vegum þeirra stjórnmalaflokka, sem áttu fulltrúa á Alþingi. Í upphafi hafi þetta eingöngu verið styrkur, sem fólst í kaupum ríkissjóðs á tilteknum eintakafjölda af dagblöðunum, sbr. fjárlög fyrir árin 1968 til 1970. Með fjárlögum 1971 hafi þetta verið víkkað út þannig, að styrkur hafi einnig náð til kaupa á aðalmálgagni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, sbr. l. nr. 108/1970.

Í fjárlögum fyrir 1973 sé þessi liður kallaður „Til kaupa á blöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar“. Í fjárlögum fyrir árin 1974 til 1983 heiti þessi liður „Til blaðanna samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum

tillögum stjórnskipaðrar nefndar“. Frá í fjárlögum 1984 hafi styrkveitingin heitið „Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar“. Í fjárlögum fyrir árið 1985 hafi verið tekinn inn nýr styrktakaliður, sem hafi haldist í fjárlögum eftir það og kallist „Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka“.

Eins og fram komi í fram lögðum samþykktum svokallaðrar blaðanefndar, sem í sitji fulltrúar þingflokkanna, en nefndin hafi það hlutverk að gera tillögur til fjármálaráðherra um ráðstöfun ofangreindra styrkja, hafi nefndin einnig að beiðni þingflokka gert tillögur um ráðstöfun styrks „Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka“.

Frá því að þessar styrkveitingar til þingflokkanna hófust, hafi verið hafður sá háttur á, að fyrri hluta viðkomandi fjárlagaárs hafi blaðanefnd skilað tillögum sínum um ráðstöfun og skiptingu styrkja þessara til fjármálaráðuneytisins. Þær tillögur taki til ráðstöfunar alls þess fjár, sem veitt sé á fjárlögum það ár, og miðist við þingstyrk og þingflokka eins og þeir séu í ársbyrjun. Í kjölfar þess hafi ráðuneytið kveðið endanlega á um skiptingu styrkjanna, sem hafi síðan komið til greiðslu. Styrkirnir að undanskildum áskriftargjöldum dagblaðanna séu greiddir viðkomandi þingflokkum, sem ráðstafi þeim til blaðaútgáfu á vegum stjórnmalaflokkanna.

Sömu vinnubrögð hafi verið viðhöfð þau ár, sem alþingiskosningar hafi farið fram, hvort sem þær hafi farið fram, þar sem kjörtímabili lýkur það ár, eða þing hafi verið rofið, enda sé annað ekki hægt, þar sem í sjálfu sér sé aldrei unnt að útiloka fyrir fram, að þing verði ekki rofið og efnt til kosninga það ár né að breyting verði á þingflokkum af öðrum ástæðum. Aldrei á þessu tímabili hafi komið fram krafa um að endurskipta styrkjum ársins af þessum sökum.

Nýir stjórnmalaflokkar, sem hafi fengið kosna fulltrúa á þing á þessu tímabili, hafi því ekki fengið hlutdeild í þessum útgáfustyrkjum það ár, sem þeir hafi komið inn á þing, nema í það eina skipti, sem aukafjárveiting hafi verið veitt, í maí 1983, og þá aðeins hlutfallslega, að því er hana varðaði. Á hinn bóginn hafi flokkar, sem hafi verið lagðir niður eða fallið út af þingi, haldið þeim styrkjum, sem þeir fengu úthlutað á grundvelli þingstyrks í ársbyrjun. Styrkir þessir hafi þannig séð verið veittir eftir á, og þannig hafi þeir líka komið til í upphafi.

Þær reglur, sem fylgt hafi verið við úthlutun þessara styrkja og helgist nú af langri og athugasemdalausri venju, séu auðvitað fjárveitingavaldinu kunnar. Fjárveitingavaldið hafi ekki séð ástæðu til þess að breyta þeim reglum með því að kveða á um ráðstöfun þessara styrkja á annan hátt í fjárlögum. Tilgreining í fjárlögum fyrir árið 1987 á því, til hvaða starfsemi styrkir þessir skuli ganga og hvernig skipting þeirra skuli vera ákveðin, verði

ekki túlkuð svo, að í fjárlögum felist nein fyriræli um, að þeir skuli skiptast á alla þingflokka, sem kunna að starfa á árinu. Ef skilningur stefnanda væri réttur, leiddi í reynd af því, að úthlutun þeirra gæti ekki komið til fyrr en í árslok og krafa stefnanda samkvæmt því of fljótt á ferðinni.

Synjun stefnda á kröfum stefnanda sé í fullu samræmi við þær reglur, sem gildi um úthlutun styrkja þessara, og sé stefnda ekki á neinn hátt mismunað með henni.

Sjónarmið stefnanda um, að úthlutun styrkjanna sé andstæð stjórnarskrá, fái ekki staðist. Greiðslan sé í fullu samræmi við 41. gr. stjórnarskrár, enda eigi hún beina stoð í fjárlögum. Að greiðslan brjóti í bág við 72. eða 78. gr. stjórnarskrár, eigi ekki heldur við nein rök að styðjast, enda geri stefnandi ekki í reynd tilraun til þess að útlista, hvernig hún geti gert það. Sé vandséð, hvernig greiðsla hvers konar styrkja skv. fjárlögum geti í sjálfu sér falið í sér ritskoðun eða lögfestingu á sérréttindum bundnum við nafnbót, aðal eða lögtign.

#### *Niðurstaða.*

Af orðalagi fjárlagaliðanna 09-999-118 og 09-999-170 í fjárlögum fyrir árið 1987, l. nr. 95/1986, þ.e. „Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar“ og „Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka“, verður ekki ráðið, hvort fjárveitingar þessar hafi átt að renna eingöngu til þeirra blaða og þingflokka, sem störfuðu, þá er úthlutun fór fram, eða þeirra þingflokka, sem störfuðu seinni hluta ársins, eða þá, hvort skipta hefði átt fjárveitingunni í hlutfalli við þingstyrk á öllum tímum ársins.

Túlkun stefnanda leiðir til þess, að þessar greiðslur verður að greiða eftir á, þar sem aldrei verður vitað með vissu, að þing verði ekki rofið. Þrátt fyrir það er kröfugerð stefnanda við það miðuð, að hann hafi átt rétt til ákveðins hlutar af umræddri fjárveitingu þegar við stofnun þingflokksins 1. maí 1987, enda þótt jafnóljóst væri þá og öll önnur ár, hvort þing yrði rofið eða ekki.

Þegar til þess er litið í fyrsta lagi, að orðalag þessara fálragaliða er óbreytt frá því, sem verið hefur í sambærilegum fjárlagaliðum liðinna ára, í öðru lagi, að fjárveitingavaldinu var ljóst, hvernig fyrri fjárlög hefðu verið túlkuð að þessu leyti, í þriðja lagi, að fullvíst var, að þingkosningar yrðu á árinu 1987, en samt taldi fjárveitingavaldið ekki ástæðu til þess að breyta orðalagi þessu, þá þykir þetta benda til, að fjárveitingavaldið hafi viljað halda óbreyttum fjárveitingum samkvæmt þessum lið.

Í skjölum málsins kemur fram, að fjárveitingum samkvæmt fjárlagaliðum 09-999-118 og 09-999-170 fjárlaga ársins 1988, l. nr. 102/1987, hefur verið úthlutað, að því er virðist, alveg eins nú í ár eins og undanfarin ár. Nefndin, sem gerði tillögur um skiptingu þess fjár, er eins og áður skipuð

fulltrúum allra þingflokka, þar á meðal fulltrúa stefnanda. Greiðslur þessar fóru fram í febrúar, enda þótt ekki sé frekar nú en önnur ár hægt að fullgræða um það, hvort þing verði rofið á árinu eða ekki.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að óheimilt hafi verið að inna af hendi greiðslur þær, sem greiddar voru úr ríkissjóði til þingflokkanna í febrúar 1987, heldur hafi þær verið samkvæmt heimild í fjárlögum og í samræmi við venju til margra ára. Þar sem greiðslurnar voru samkvæmt heimild í fjárlögum, voru þær ekki brot á 41. gr. stjórnarskrár landsins. Ekki verður á þá skoðun stefnanda fallist, að greiðslurnar hafi verið í andstöðu við 72. og 78. gr. stjórnarskrárinnar, enda engin tilraun gerð til þess að færa rök að þeim fullyrðingum.

Greiðslan, að fjárhæð 1.000.000,00 kr., sem greidd var stefnanda 27. júlí 1987, var samkvæmt skýringu á greiðsluseðli á dskj. 4 „Styrkur skv. ákvörðun fjármálaráðherra“ og verður gegn andmælum stefnda ekki túlkuð sem viðurkenning á réttmæti kröfu stefnanda.

Þar sem stefnandi þykir ekki með öðrum hætti hafa sýnt fram á réttmæti kröfu sinnar, verður niðurstaða málsins sú, að sýknukrafa stefnda er tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þingflokks Borgaraflokksins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.